

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 28

Dags. 29.3.2007

## **Umhverfis- og skipulagsnefnd, fundur nr. 28**

Fundur haldinn í Kjarna 29.mars 2007 kl. 10.00. Fundargerð skráð í tölvu.

Mætt eru Sigurður Skúlason, Þórunn Jónsdóttir, Helgi Hallsson, Guðrún Tryggvadóttir og Ragnar Bjarnason, sem ritaði fundargerð.

Formaður setur fund og býður nefndarfólk velkomið

### **1. Breyting á deiliskipulagi í landi Hróarsstaða.**

Um er að ræða breytingu á byggingarskilmálum og greinargerð þar sem stærðarmörk húsa eru aukin og að um verði að ræða blandaða byggð á öllum svæðum (A,B og C) auk þess sem svæðunum eru gefin nöfn.

Erindið er samþykkt eins og það kemur fyrir á teikningu unninni af Benedikt Björnssyni, dagsettri 23. febrúar 2007, nr. 2307 (verknúmer 0227). Sá fyrirvari er gerður á samþykkt erindisins að sveitarfélagið sjái ekki um gatnagerð á svæðinu nema sérstaklega sé um það samið.

### **2. Breyting á deiliskipulagi við Framhaldsskólann á Laugum.**

Erindið er samþykkt eins og það kemur fyrir á teikningu unninni af hsg hjá Landslagi ehf., dagsettri 08.03. 2007, nr. 101 (verknúmer 99108). Sá fyrirvari er gerður á samþykkt erindisins að sveitarfélagið sjái ekki um gatnagerð á svæðinu nema sérstaklega sé um það samið.

### **3. Erindi frá Þórólfi Guðnasyni, Lundi, Fnjóskadal varðandi stækkun frístundabyggðarsvæðisins í Lundi.**

Erindið er samþykkt eins og það liggur fyrir og kemur fyrir á teikningu unninni af ÁH/GHG hjá Form, dagsettri 21.03. 2007, ónúmeraðri.

### **4. Aðalskipulagsvinna.**

Kynningarfundir varðandi gerð aðalskipulags Þingeyjarsveitar, sem áætlað var að hafa um mánaðamótin mars/apríl frestast til mánaðamóta maí/júní vegna anna skipulagsráðgjafa. Verið er að leggja lokahönd á greinargerð með aðalskipulaginu og verður hún tilbúin í næstu viku og verður þá send skipulagsráðgjafa til yfirlestrar.

### **5. Önnur mál**

**a.** Samráðsfundur Skipulagsstofnunar og sveitarfélaga um skipulagsmál verður haldinn á Akureyri 12.-13. apríl næstkomandi og er hér kynntur. Gert er ráð fyrir því að sveitarstjóri og einhverjir fulltrúar úr umhverfis- og skipulagsnefnd sæki fundinn.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl 12.00

Ragnar Bjarnason